

Borgarspítali – ný íbúðabyggð – Skipulagslýsing

Umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis

Vegna skipulagslýsingar vegna áforma um nýja íbúðabyggð sunnan við Borgarspítalann vill íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum:

- Um er að ræða spennandi svæði sem hentar vel til þróunar á aukinni íbúðabyggð. Gott er að vita að til standi að fara í hugmyndaleit um þróun svæðisins til að leiða fram ólíkar hugmyndir um hvernig uppbyggingu á svæðinu gæti verið útfærð. Að mati íbúaráðsins er mikilvægt að sú byggð sem rísa mun á svæðinu taki mið af nærliggjandi íbúabyggð um leið og gert verði ráð fyrir góðum útivistarmöguleikum innan byggðarinnar og að Borgarspítalanum verði áfram tryggt gott andrými á reitnum.
- Við mótun svæðisins ætti einnig að taka mið af núverand starfsemi á svæðinu í kring, þ.e. starfsemi Borgarspítalans, og mögulegri framtíðarnotkun hans, og öldrunarþjónustunni við Sléttuveg. Ný byggð á svæðinu gæti að hluta verið framhald af þeirri starfsemi og íbúðarbyggð sem þar er að finna í bland við íbúðir ætlaðar fyrir almennan markað.
- Sú afmörkun sem sýnd er svæðinu í skipulagslýsingunni tekur einungis til lóðar borgarinnar neðan við Borgarspítalann. Í samræmi við ofangreinda punkta væri að mati íbúaráðsins eðlilegt að svæðið sem væri til skoðunar væri víðfemara og tæki einnig til lóðar Borgarspítalans og til aðliggjandi gatna.. Með flutningi á núverandi starfsemi Borgarspítalans niður á Hringbraut er ljóst að finna þarf nýja notkun fyrir húsnæði spítalans. Fyrirhuguð samkeppni gæti verið liður í því að skoða hver sú notkun á að vera um leið og horft verði með opnum hug hvort frekari tækifæri til uppbyggingar sé á lóð spítalans.



Með von um góð viðbrögð og gott samráð í áframhaldandi vinnu við mótun á framtíð og þróun þessa spennandi svæðis.

Fyrir hönd íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis
Birkir Ingibjartsson